

Framtíð knattúsa í Reykjavík

Niðurstöður vinnufundar þann 20. nóvember 2017



Íþróttabandalag Reykjavíkur

Janúar 2018

Inngangur

Umræðan um fleiri knatthús í Reykjavík hefur lengi verið hávær. Nú er eitt hús í höfuðborginni sem dugar ekki, sérstaklega þegar veðurguðirnir eru okkur óhagstæðir. Við búum þó nokkuð vel að upphituðum gervigrasvöllum hér í borginni en þá er að finna á tíu stöðum.

Á síðustu mánuðum hafa verið gerðir samningar við tvö félög þar sem gert er ráð fyrir knatthúsum á þeirra svæðum. Hjá einu félagi er gert ráð fyrir samkvæmt deiliskipulagi að byggja knatthús og nýlega kynnti eitt félag til viðbótar hugmyndir um knatthús á sínu svæði. Það lítur því út fyrir að knatthúsum fjölgi hratt á næstu árum hér í borginni.

En hvernig hús á að byggja, hvar eiga þau að vera og hvernig nýtum við þau sem best? Boðað var til fundar með fulltrúum þeirra félaga sem hafa knattspyrnustarf í unglingsflokkum og fullorðinsflokkum auk fulltrúa Knattspyrnuráðs Reykjavíkur. Í upphafi fundar var stutt yfirferð yfir stöðu mála og skipulag fundarins en síðan var skipt var í fimm hópa. Fundarmenn voru beðnir að horfa til framtíðar, jafnvel fram til 2040 og átti hver hópur að gera tilraun til að svara sameiginlega nokkrum spurningum varðandi uppbyggingu knatthúsa í borginni og kynna sín svör í lok fundar.

Hve mörg stór knatthús og hve mörg lítil?

Margir voru þeirrar skoðunar að 2 stór knatthús væru nóg í Reykjavík. Einhverjir voru á því að þau þyrftu að vera þrjú, sér í lagi ef horft væri til síðari hluta tímabilsins fram til 2040. Áhyggjur voru viðraðar varðandi rekstrargrundvöll stórra húsa þar sem félögin vilja eðlilega æfa sem mest á eigin svæðum og er því tregða til þess að sækja æfingar í hús annara félaga. Þá blasir við að þegar slíkum húsum fjölgar þá minnka möguleikar á að skapa aukatekjur af t.d. viðburðahaldi (allir að horfa til þess að hýsa sömu viðburðina). Einnig var bent á að rekstraraðilar Egilshallarinnar hafa hætt öllu viðburðastarfi og einbeitt sér að íþróttastarfinu sem sýnir að viðburðahaldið er ekki eins öruggt og menn oft telja.

Á þeim svæðum félaganna þar sem ekki væru stór hús voru fundarmenn sammála um að byggja ætti lítil hús. Litlu húsin væru mikilvæg fyrir vetrarstarfið, sérstaklega yngstu iðkendur en eins fyrir ákveðna þætti þjálfunar hjá þeim eldri sem erfitt væri að útfæra utandyra þegar kalt er og blástur.




Hvar væru stór knatthús?

Eins og áður sagði er eitt stórt knatthús í borginni, Egilshöll, og er mikil barátta um tíma í því húsi milli félaganna. Margir nefndu að hús númer tvö ætti að vera í Laugardal en einnig var hús hjá Val nefnt sem kostur og þá klárlega ef niðurstaðan væri að byggja ætti þrjú hús. Þá var einnig minnst á þann möguleika að byggja hús á svæði ÍR með þeim möguleika að stækka það síðar.

Á myndinn hér að neðan er sýnd staðsetning knatthúsa til framtíðar í Reykjavík. Stór hús eru í Egilshöll, Laugardal og mögulega hjá Val.

Aðrar staðsetningar sem nefndar voru eru Safamýri og Neðri – Mjódd.



Í hvaða röð á að byggja?

Þessari spurningu var ekki svarað í öllum hópum. Þau svör sem komu tóku nokkuð mið af þeirri framvindu sem gæti orðið ef tekið er mið af þeim samningum sem hafa verið gerðir við félög eða þeim hugmyndum sem komnar eru hvað lengst í þróun. Röðin gæti verið eftirfarandi:

- * ÍR
- * Fram
- * Valur
- * KR
- * Laugardalur/Þróttur
- * Fylkir
- * Leiknir
- * Víkingur

Hvað gera knatthúsin fyrir starf knattspyrnudeilda?

Fyrst og fremst er horft til æfingaaðstöðu og sérstaklega er mikilvægt fyrir yngri flokka að hafa slíka aðstöðu að vetri enda oft erfitt að halda uppi útiæfingum í íslensku vetrarveðri. Fulltrúar félaganna sjá fyrir sér aukna þátttöku með tilkomu fleiri halla. Þörf er á a.m.k. einu stóru knatthúsi þar sem er góð keppnisaðstaða. Þriðja stóra húsið gæti verið hannað sem æfingahús fyrst og fremst.

Hvaða önnur nýting kemur til greina?

Rætt var í öllum hópum hvernig hægt væri að nýta húsin meira en fyrir knattspyrnuæfingar því allir sem æfa knattspyrnu vilja heldur æfa utandyra ef þess er nokkur kostur og því er mikilvægt að huga að því hvernig húsin geti nýst fyrir aðra starfsemi. Hér er helst horft til annara íþróttagreina, annars starfs sem rekið er fyrir borgarbúa í hverfunum og fleira í þeim dúr. Ekki er verið að horfa til viðburðahalds en það væri þá bara bónus ef það kæmi.

Eftirfarandi atriði voru nefnd:

- * Skólar/leikskólar
- * Hreyfing almennings (s.s. eldri borgarar)
- * Frjálisíþróttir
- * Klifur
- * Bogfimi
- * Golf
- * Flugukast
- * Móðelflug
- * Hjólabretti
- * Samkomuhús/hverfishátíðir/tónleikar

Önnur atriði.

Nefnt var að húsin þyrftu að vera upphituð (18°C).

Sumir nefndu að þeir vildu frekar annan gervigrasvöll, upphitaðan og upplýstan, á undan knatthúsi hjá sínu félagi þar sem iðkendur vilja miklu frekar æfa úti en inni svo lengi sem veður leyfir það. Nú þegar er eitt félag komið með slíka aðstöðu og styttist í að annað bætist við.

Þróttur leggur meiri áherslu á að fá innanhúsaðstöðu fyrir aðrar boltagreinar áður en að knatthúsi kæmi. Þróttur getur ekki treyst á að koma yngstu iðkendum í hús þar sem æfingar í þeirra aðal æfingahúsi falla mjög oft niður.

Niðurstaða.

Fundarmenn voru samstíga um mikilvægi þess að knattús væru í öllum hverfum borgar og að hugsað yrði út frá því að börn sem iðka knattspyrnu gætu komist gangandi eða með stuttum ferðum í hús. Tvö til þrjú húsanna þyrftu að vera með völl í fullri stærð en í öðrum væri nóg að hafa hálfan völl. Þegar væri mikil þörf á öðru keppnishúsi. Heildarkostnaður við þessa uppbyggingu í borginni gæti numið um 4,5 -5 milljarði króna á núverandi verðlagi.

Á fundinn mættu fulltrúar eftirfarandi aðila (fjöldi frá hverju þeirra innan sviga):

Fjölur (3)

Fram (4)

Fylkir (3)

ÍR (3)

KR (2)

Valur (4)

Víkingur (3)

Þróttur (4)

Knattspyrnuráð Reykjavíkur (7)

Stjórn ÍBR (4)